

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2004

frá 8. júní 2004

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 16/2004 frá 6. janúar 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur varðandi „arf fátæktar á milli kynslóða“ ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 28/2004 frá 5. janúar 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar nákvæmt efni áfanga- og lokaskýrslna varðandi gæði ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 48/2004 frá 5. desember 2003 um árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003–2009 ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/107/EB frá 5. desember 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 18m (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003):

„18n. **32004 R 0016**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 16/2004 frá 6. janúar 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 4, 8.1.2004, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 42.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 40.

1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur varðandi „arf fátæktar á milli kynslóða“ (Stjtið. ESB L 4, 8.1.2004, bls. 3).

18o. **32004 R 0028**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 28/2004 frá 5. janúar 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar nákvæmt efni áfanga- og lokaskýrslna varðandi gæði (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 42).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93):

„4c. **32004 R 0048**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 48/2004 frá 5. desember 2003 um árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003–2009 (Stjtið. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 1).“

3. Eftirfarandi bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 96/16/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 L 0107**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/107/EB frá 5. desember 2003 (Stjtið. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 40).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 16/2004, 28/2004 og 48/2004 og tilskipunar 2003/107/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

S. Gillespie

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.